

Ungt fólk utan skóla 2016

**Félagsleg staða 16-20 ára ungmenna á Íslandi sem ekki
stunda nám við framhaldsskóla árið 2016**



©Rannsóknir & greining 2017

Ungt fólk utan skóla 2016

Félagsleg staða 16-20 ára ungmenna á Íslandi sem ekki stunda nám við framhaldsskóla árið 2016

©Rannsóknir & greining 2017

Hrefna Pálsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Ingibjörg Eva Þórisdóttir, Erla María Tölgyes, Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Jón Sigfússon og Inga Dóra Sigfúsdóttir.

Efnisyfirlit

Yfirlit yfir myndir.....	4
Yfirlit yfir töflur	6
Inngangur.....	9
Aðferð og gögn	9
Samantekt	10
Eftirlit foreldra.....	14
Sjálfsmynd og líðan.....	19
Brottfall úr námi	42
Vímuefnanotkun.....	45
Töflur – Viðauki.....	53
Heimildir	70

Yfirlit yfir myndir

Mynd 1. Hlutfallsleg skólasókn árganga að hausti, 2000 – 2014.	13
Mynd 2. Hlutfall stráka og stelpna á landsvísu sem segja það eiga mjög eða frekar vel við um þau að foreldrar þeirra fylgist með því með hverjum þau eru á kvöldin.	14
Mynd 3. Hlutfall stráka og stelpna á landsvísu sem segja það eiga mjög eða frekar vel við um þau að foreldrar þeirra viti hvar þau eru á kvöldin.	16
Mynd 4. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum eftir því hversu vel (frekar eða mjög vel) eftirfarandi fullyrðing á við um þau: „Foreldrar mínir vita hvar ég er á kvöldin.“	17
Mynd 5. Hlutfall stráka og stelpna á landsvísu sem segja það eiga mjög eða frekar vel við um þau að foreldrar þeirra þekki vini/vinkonur þeirra.	18
Mynd 6. Hlutfall ungmenna sem segja það eiga stundum eða oft við um þau að hafa engan til að tala við.	19
Mynd 7. Hlutfall ungmenna sem segja það eiga stundum eða oft við um þau að vera einmana.	20
Mynd 8. Þróun yfir tíma: Hlutfall nemenda í framhaldsskólum sem telja sig oft vera einmana síðastliðna viku.	21
Mynd 9. Hlutfall ungmenna sem meta andlega heilsu sína sæmilega eða lélega.	21
Mynd 10. Þróun yfir tíma: Hlutfall nemenda í framhaldsskóla sem mátu andlega heilsu sína góða og mjög góða.	22
Mynd 11. Hlutfall ungmenna sem meta líkamlega heilsu sína sæmilega eða lélega.	23
Mynd 12. Hlutfall ungmenna á landsvísu sem segja það eiga mjög eða frekar vel við um þau að: „þegar allt kemur til alls sýnist mér ég vera misheppnuð/misheppnaður“	24
Mynd 13. Hlutfall ungmenna sem telja það eiga mjög eða frekar vel við um þau „að finnast ekki vera margt sem ég get verið stolt/ur af“	25
Mynd 14. Hlutfall ungmenna sem telja það eiga mjög eða frekar vel við um þau að „þegar allt kemur til alls er ég ánægð(ur) með sjálfa(n) mig.“	26
Mynd 15. Hlutfall ungmenna sem telja það eiga mjög eða frekar vel við um þau „að ég vildi óska að ég bæri meiri virðingu fyrir sjálfum/sjálfri mér.“	27
Mynd 16. Hlutfall ungmenna sem telja það eiga mjög eða frekar vel við um þau að „stundum finnst mér ég sannarlega vera einskis nýtur“	28
Mynd 17. Hlutfall ungmenna á landsvísu sem telja sig oft upplifa það að gráta auðveldlega eða langa til að gráta síðastliðna viku.	29

Mynd 18. Hlutfall nemenda á landsvísu sem telja sig oft upplifa það að vera niðurdregin/n eða dapur/döpur síðastliðna viku.	30
Mynd 19. Hlutfall ungmenna á landsvísu sem telja sig oft upplifa það að vera síðastliðna viku ekki spennt/ur fyrir að gera nokkurn skapaðan hlut.	31
Mynd 20. Hlutfall ungmenna sem síðastliðna viku hafa oft upplifað að „finnast framtíðin vonlaus.	32
Mynd 21. Hlutfall ungmenna sem telja sig oft hafa upplifað það síðastliðna viku að hugsa um að stytta sér aldur.	33
Mynd 22. Hlutfall ungmenna sem telja sig oft hafa upplifað það sl.viku að líða eins og „allir hefðu brugðist sér“.	34
Mynd 23. Þróun yfir tíma í einkennum þunglyndis meðal stráka og stelpna í framhaldsskólum og stráka og stelpna utan skóla.	35
Mynd 24. Þróun yfir tíma í einkennum kvíða meðal stráka og stelpna í framhaldsskólum og stráka og stelpna utan skóla.	35
Mynd 25. Hæsta skor þunglyndis meðal stráka og stelpna í framhaldsskólum og stráka og stelpna utan skóla.	36
Mynd 26. Hæsta skor í kvíða og þunglyndiseinkennummeðal stráka og stelpna í framhaldsskólum og stráka og stelpna utan skóla.	36
Mynd 27. Hlutfall ungmenna sem segja að þau eigi mjög eða frekar erfitt með að fá umhyggju og hlýju frá foreldrum sínum.	37
Mynd 28. Hlutfall ungmenna sem segja að þau eigi mjög eða frekar erfitt með að eiga samræður um persónuleg málefni við foreldra sína.	38
Mynd 29. Hlutfall ungmenna sem segjast taka þátt í skipulögðu félags- og tómstundastarfi einu sinni til þrisvar í viku.	39
Mynd 30. Hlutfall ungmenna á landsvísu sem segjast taka þátt í skipulögðu félags- og tómstundastarfi fjórum sinnum í viku eða oftar.	39
Mynd 31. Hlutfall ungmenna sem segjast stunda íþróttir eða líkamsrækt einu sinni til þrisvar sinnum í viku.	40
Mynd 32. Hlutfall ungmenna sem segjast stunda íþróttir eða líkamsrækt fjórum sinnum í viku eða oftar.	41
Mynd 33. Hlutfall ungmenna sem segjast æfa eða keppa með íþróttafélagi einu sinni til þrisvar sinnum í viku.	41
Mynd 34. Hlutfall ungmenna sem segjast æfa eða keppa með íþróttafélagi fjórum sinnum í viku eða oftar.	42

Mynd 35. Hversu mikil áhrif (frekar eða mjög mikil) telur þú að eftirfarandi hafa á frammistöðu í námi: Lesblinda.	43
Mynd 36. Hversu mikil áhrif (frekar eða mjög mikil) telur þú að eftirfarandi hafa á frammistöðu í námi: Athyglisbrestur.	44
Mynd 37. Hversu mikil áhrif (frekar eða mjög mikil) telur þú að eftirfarandi hafa á frammistöðu í námi: Einbeitingarskortur.	45
Mynd 38. Þróun vímuefnaneyslu unglinga í 10. bekk á Íslandi árin 1997 til 2017.	46
Mynd 39. Hlutfall nemenda í 10. bekk grunnskóla og hlutfall 16 – 17 ára framhaldsskólanema sem segjast reykja daglega, hafa orðið ölvuð einu sinni eða oftár sl. 30 daga og prófað hass og marjúana einu sinni eða oftár um ævina.	47
Mynd 40. Hlutfall ungmenna sem segjast reykja eina sígarettu eða meira á dag.	48
Mynd 41. Hlutfall ungmenna sem hafa reykt rafrettur einu sinni eða oftár sl. 30 daga.	48
Mynd 42. Hlutfall ungmenna sem hafa orðið ölvuð, einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga.	49
Mynd 43. Hlutfall framhaldsskólanema sem hafa orðið ölvuð einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga.	50
Mynd 44. Hlutfall ungmenna sem hafa notað hass, einu sinni eða oftár um ævina.	50
Mynd 45. Hlutfall ungmenna sem hafa notað marjúana, einu sinni eða oftár um ævina.	51
Mynd 46. Hlutfall framhaldsskólanema á Íslandi sem hafa notað kannabis einu sinni eða oftár um ævina, árin 2010, 2013 og 2016.	51
Mynd 47. Hlutfall ungmenna sem hafa notað amfetamín, einu sinni eða oftár um ævina.	52

Yfirlit yfir töflur

Tafla 1. Hlutfall stráka og stelpna, eftir aldri og fjölda í hópnum þremur (aðallega í námi, aðallega í vinnu og atvinnulausir árin, 2009 og 2016.	12
Tafla 2. Hvaða ár ert þú fædd/ur?	53
Tafla 3. Hversu mörgum önnum hefur þú lokið í framhaldsskóla?	53
Tafla 4. Hverjir eftirtalinna búa heima hjá þér?	54
Tafla 5. Hversu vel fjárhagslega stæð telur þú að fjölskyldan þín sé miðað við aðrar fjölskyldur á Íslandi?	54
Tafla 6. Er töluð íslenska á þínu heimili?	55
Tafla 7. Ert þú í námi?	55
Tafla 8. Ef þú ert ekki í námi hverjar eru helstu ástæður þess: Mig vantar vasapeninga.	55

Tafla 9. Ef þú ert ekki í námi, hverjar eru helstu ástæður þess: Mér finnst leiðinlegt að vera í skóla	55
Tafla 10. Ef þú ert ekki í námi, hverjar eru helstu ástæður þess: Ég þarf að geta séð fyrir mér sjálf/ur.....	56
Tafla 11. Ef þú ert ekki í námi, hverjar eru helstu ástæður þess: Ég þarf að aðstoða fjölskylduna.....	56
Tafla 12. Ef þú ert ekki í námi, hverjar eru helstu ástæður þess: Ég þarf peninga til að geta átt bíl.....	56
Tafla 13. Ef þú ert ekki í námi, hverjar eru helstu ástæður þess: Ég þarf að greiða húsaleigu	56
Tafla 14. Hefur þú einhvern tímann hætt í skóla?	57
Tafla 15. Mér finnst nám tilgangslaust.....	57
Tafla 16. Mér leiðist nám	58
Tafla 17. Mér líður illa í skóla.....	58
Tafla 18. Hvað vinnur þú marga tíma í launaðri vinnu á viku?	58
Tafla 19. Hvað finnst þér líklegt að þú gerir í framtíðinni: Fari í háskólanám á Íslandi?.....	59
Tafla 20. Hvað finnst þér líklegt að þú gerir í framtíðinni: Farir í iðn- eða tækninám sem er ekki á háskólastigi - á Íslandi	59
Tafla 21. Hvað finnst þér líklegt að þú gerir í framtíðinni? Farir í iðn- eða tækninám sem er ekki á háskólastigi - erlendis	59
Tafla 22. Hvað finnst þér líklegt að þú gerir í framtíðinni? Farir í háskólanám erlendis.	60
Tafla 23. Hvað finnst þér líklegt að þú gerir í framtíðinni: Farir að vinna?.....	60
Tafla 24. Hvað sefur þú að jafnaði margar klst á nóttu?	60
Tafla 25. Hve oft (ef nokkru sinni) hefur þú reykt rafsígarettur sl. 30 daga?	61
Tafla 26. Hve oft (ef nokkru sinni) hefur þú orðið ölvaður síðastliðna 30 daga?	61
Tafla 27. Hve oft (ef nokkru sinni) hefur þú notað svefntöflur eða róandi lyf án lyfseðils frá lækni?	61
Tafla 28. Hve oft (ef nokkru sinni) hefur þú notað marijúana um ævina?.....	62
Tafla 29. Hve oft (ef nokkru sinni) hefur þú notað anabólíska stera um ævina?	62
Tafla 30. Hve oft (ef nokkru sinni) hefur þú notað E- töflu um ævina?	62
Tafla 31. Hefur þú notað rítalín sem vímuefni?	63
Tafla 32. Hve oft (ef nokkurn tíma) hefur þú: Farið í meðferð vegna áfengis- og/ eða vímuefnaneyslu.	63
Tafla 33. Hversu góð er líkamleg þín?	63
Tafla 34. Hversu góð er andleg heilsa þín?	64

Tafla 35. Hversu vel eiga eftirfarandi staðhæfingar við um þig: Mér finnst ég vera að minnsta kosti jafn mikils virði og aðrir.....	64
Tafla 36. Hversu vel eiga eftirfarandi staðhæfingar við um þig: Mér finnst ekki vera margt sem ég get verið stolt/ur af.....	64
Tafla 37. Hversu vel eiga eftirfarandi staðhæfingar við um þig: Ég vildi óska að ég bæri meiri virðingu fyrir sjálfum/sjálfri mér.....	65
Tafla 38. Hversu oft varðst þú var/vör við eftirfarandi vanlíðan eða óþægindi síðastliðna viku? – Höfuðverk.....	65
Tafla 39. Hversu oft varðst þú var/vör við eftirfarandi vanlíðan eða óþægindi síðastliðna viku? – Þú hafðir litla matarlyst.....	65
Tafla 40. Hversu oft varðst þú var/vör við eftirfarandi vanlíðan eða óþægindi síðastliðna viku? – Þér fannst þú einmana.....	66
Tafla 41. Hversu oft varðst þú var/vör við eftirfarandi vanlíðan eða óþægindi síðastliðna viku? – Þú varst leið/ur og hafðir lítinn áhuga á að gera hluti.....	66
Tafla 42. Hversu oft varðst þú var/vör við eftirfarandi vanlíðan eða óþægindi síðastliðna viku? – Þér fannst framtíðin vonlaus.....	66
Tafla 43. Hversu oft varðst þú var/vör við eftirfarandi vanlíðan eða óþægindi síðastliðna viku? – Þú hafðir engan til að tala við.....	67
Tafla 44. Hefur þú einhvern tíma um ævina gert eitthvað af eftirtöldu: Hugleitt að skaða sjálfa/n þig?	67
Tafla 45. Hefur þú einhvern tíma um ævina gert eitthvað af eftirtöldu: Skaðað sjálfa/n þig. .	67
Tafla 46. Stundar þú íþróttir eða líkamsrækt?.....	68
Tafla 47. Hve oft reynir þú á þig þannig að þú mæðist verulega eða svitnir?	68
Tafla 48. Hve oft stundar þú íþróttir? Æfir eða keppir með íþróttafélagi?	68
Tafla 49. Huga illa að smáatriðum eða geri fljótfrænislegar villur í starfi eða námi.....	69
Tafla 50. Er mikið með hendur og fætur á hreyfingu eða iði þegar ég sit	69
Tafla 51. Á erfitt með að halda athygli vakandi við verkefni eða leiki.....	69
Tafla 52. Virðist ekki hlusta þegar talað er til mín.....	70
Tafla 53. Tala óhóflega mikið.....	70

Inngangur

Aðferð og gögn

Rannsóknin var unnin á sama hátt og síðasta rannsókn meðal ungs fólk utan skóla sem gerð var árið 2008. Allar spurningar sem voru í rannsókninni þá eru einnig í spurningalistanum nú svo auðvelt er að skoða bæði stöðu og þróun yfir tíma. Spurningalistinn var sendur rafrænt til þátttakenda á sama hátt og gert var árið 2008. Til að finna þau ungmenni á aldrinum 16-20 ára sem ekki stunda nám við framhaldsskóla voru keyrðar saman kennitölur allra nemenda í framhaldsskólanámi við kennitölur allra einstaklinga 16-20 ára á Íslandi. Þá voru teknar frá allar kennitölur einstaklinga sem eru af erlendu bergi brotnir og höfðu tímabundið atvinnuleyfi á Íslandi. Þær kennitölur sem eftir stóðu voru því næst keyrðar saman við símaskrá. Fengin voru öll símanúmer skráð á hverja kennitölu (einstakling), ásamt símanúmerum hjá foreldrum og forráðamönnum. Ef ekki fannst símanúmer hjá einstaklingi á lista (utan skóla) þá var leitað eftir símanúmeri á fjölskyldunúmeri viðkomandi sem er kennitala forráðamanns viðkomandi. Aðferðafræði gagnaöflunar er þannig sú sama nú 2016/2017 og var áður 2008/2009.

Advanía vann úrtakið meðal ungmenna fædd árin 1997 – 2000. Þau ungmenni sem skráð voru með færri en tvo áfanga á námsferli eða minna en 10 einingar á haustönn 2016 voru undanskilin úrtakinu og þar með ekki með í rannsókninni. Þau símanúmer sem fengust voru keyrð saman við gagnagrunn Hins íslenska númerafélags (HÍN), og það sem út af stóð leitað uppi af starfsfólki.

Miðlun sá um að hringja í þátttakendur í úrtakinu, kynna fyrir þeim rannsóknina og bjóða eftir þátttöku. Hringt var á tímabilinu 24. nóvember 2016 til 17. janúar 2017. Gerðar voru allt að sex tilraunir til að ná í hvern einstakling gegnum síma. Þeir einstaklingar á aldrinum 16-20 ára sem hringt var í fengu stutta kynningu á rannsókninni og voru spurðir hvort þeir væru tilbúnir að taka þátt í henni. Þeir sem samþykktu þátttöku gáfu upp netfang sitt og fengu samstundis sendan sérsniðinn hlekk með aðgang að spurningalistanum.

Einungis var hægt að fylla út hvern spurningalista einu sinni. Eftir útsendingu spurningalistans voru sendar út tvær rafrænar ítrekanir á þá sem samþykktu þátttöku símleiðis en höfðu ekki svarað spurningalistanum innan fárra daga. Af þeim sem samþykktu þátttöku og fengu hlekk sendan voru 42 sem ekki komust til skila á það netfang sem þátttakandi hafði gefið upp í síma. Þeir einstaklingar tóku því ekki þátt í rannsókninni. Alls fengu því 890 einstaklingar

spurningalista sendann með tölvupósti af þeim 932 sem náðist í símleiðis. Af þessum 890 sendu 453 inn fullgilda spurningalista eða 51%. Til samanburðar náðist í nokkuð fleiri einstaklinga árið 2008 eða 527. Svarhlutfall þá var 55%. Möguleg skýring er eins og fram kemur hér á eftir að atvinnustaða ungs fólks utan skóla nú er mun betri en haustið 2008, rétt eftir hrunið. Þá má geta þess að mun færri einstaklingar á þessum aldri eru með símanúmer sín skráð nú en var 2008.

Samantekt

Gögnin sem þessi skýrsla byggir á endurspeglar þann hóp 16-20 ára ungmenna á Íslandi sem ekki stundar nám við hefðbundinn framhaldsskóla, en er á þeim aldri sem er skilgreindur hefur verið sem framhaldsskólaaldur til haustsins 2016. Samkvæmt íslenskum lögum, lýkur skólaskyldu við 16 ára aldur en börn njóta fræðsluskyldu til 18 ára aldurs og eiga framhaldsskólar landsins að bjóða upp á menntun sem hentar þörfum hvers og eins. Stærstur hluti ungmenna hefur nám í framhaldsskóla, eða um 95% en um 70% útskrifast á tilsettum tíma (sjá mynd 1).

Veturinn 2008/2009 var unnin rannsókn meðal þeirra ungmenna sem þá stóðu utan hefðbundins framhaldsskóla. Við undirbúning þeirrar skýrslu voru rannsóknargögn skoðuð ítarlega til þess að setja fram eins skýra mynd af þátttakendum og mögulegt var. Meðal annars var athugað hvort munur væri á svörum einstaklinga eftir búsetu en svo reyndist ekki vera. Hins vegar kom fram verulegur munur á milli þátttakenda, eftir því hvort þeir sögðust vera án vinnu, í vinnu eða námi utan hefðbundinna framhaldsskóla. Eftir þessari greiningu var farið árið 2009 og er skýrslan í ár unnin samkvæmt sömu skilgreiningu til að unnt sé að bera saman stöðu milli ára. Þó er lítið sem ekkert atvinnuleysi ef lítið er til ársins 2009 til samanburðar. Þess ber að geta að rannsóknin frá árinu 2008/2009 var unnin skömmu eftir hrun og atvinnuleysi því mikið, en að sama skapi var atvinnuleysi lítið sem ekkert árið 2016 (sjá tölur frá Vinnumálastofnun).

Rannsóknin 2008/2009 leiddi í ljós að hagir og líðan ungmenna 16-20 ára sem eru aðallega í vinnu eða atvinnulaus eru lakari en þeirra sem ungmenna sem segjast aðallega vera í námi. Þá var einnig áhugavert að þær niðurstöður sem snertu ungmenni í einhvers konar námi, utan hefðbundins framhaldsskóla, voru á margan hátt sambærilegar niðurstöðum úr rannsókn sem gerð var árið 2007 meðal nemenda í framhaldsskólum. Vísa þær til þess að hagir og líðan ungmenna 16-20 ára sem stunda eitthvert nám, innan eða utan hefðbundinna framhaldsskóla, séu sambærileg eða betri en þeirra einstaklinga sem ekkert nám stunda, vinna eða eru atvinnulausir. Þó ber að hafa varann á í slíkum samanburði milli rannsókna yfir tíma.

Niðurstöður benda þó engu að síður til þess að allt nám hafi jákvæð áhrif á ungmenni, hvort sem það er nám í framhaldsskólum eða sérskólum á framhaldsskólastigi (Hrefna Pálsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Birna Baldursdóttir og Jón Sigfússon, 2009).

Þegar litið er til helstu niðurstaðna þessarar skýrslu ber helst að nefna líðan og sjálfsmynd ungs fólks utan skóla. Aðhald og eftirlit foreldra er meira í dag en árið 2009 og þá hefur mikið dregið úr vímuefnaneyslu. Hins vegar er augljóst að einstaklingum sem eru utan skóla og þá sérstaklega í hópi atvinnulausra, líður almennt verr, sjálfsmyndin er lakari og það má greina talsverða aukningu á þáttum sem mæla slíka líðan milli árána 2008/2009 og 2016. Þessi ungmenni upplifa frekar að þau séu einmana og hafi engan að tala við en um 68% 18 ára og eldri í hópi atvinnulausra telja stundum eða oft eiga við sig að vera einmana (21% árið 2009). Svipaða aukningu má greina meðal nemenda í framhaldsskóla og þá sérstaklega meðal stelpna. Frá árinu 2007 hefur jafnt og þétt orðið hlutfallsleg aukning í hóp þeirra sem telja sig stundum eða oft vera einmana.

Hlutfallslega aukningu má sjá í öllum hópum meðal þeirra ungmenna sem telja andlega heilsu sína sæmilega eða lélega. Að sama skapi er hlutfallsleg lækkun meðal þeirra sem meta andlega heilsu sína góða eða mjög góða, frá árinu 2004. Það eru fleiri stelpur en strákar sem meta andlega heilsu sína á þennan hátt. Þá má einnig greina hlutfallslega aukningu meðal þeirra ungmenna sem eru atvinnulaus og telja líkamlega heilsu sína sæmilega eða lélega.

Athygli vekur að einstaklingar sem eru atvinnulausir virðast frekar upplifa það að gráta auðveldlega eða langa til að gráta en það á við um báða aldurshópa. Að sama skapi eru hlutfallslega fleiri ungmenni í hópi atvinnulausra sem telja sig oft upplifa það að vera niðurdregin eða döpur síðastliðna viku. Má greina þessa aukningu milli ára, í öllum hópum og hjá báðum aldurshópum.

Sérstaka athygli vekur sú hlutfallslega aukning sem orðið hefur meðal þeirra sem telja sig oft hafa upplifað það (síðastliðna viku) að hugsa um að stytta sér aldur. Mikil aukning hefur orðið í öllum hópum og báðum aldurshópum meðal þeirra sem hafa upplifað slíkar hugsanir.

Þá má einnig sjá þann hóp sem skorar hvað hæst í einkennum kvíða og þunglyndis á milli ára. Þar hefur að sama skapi talsverð aukning átt sér stað frá 2009 í þeim hópi sem skorar hátt á kvíða- og þunglyndiskvörðum, og talsvert meiri aukningu meðal stúlkna en drengja.

Að lokum má sjá að stelpur og strákar sýna meiri einkenni kvíða og þunglyndis, en aukningu má greina frá árinu 2009. Sérstaklega má beina sjónum að þeirri aukningu í slíkum einkennum

Ungt fólk utan skóla árið 2016


sem orðið hefur meðal stelpna sem standa utan skóla og sýna einkenni þunglyndis. Sömu þróun sjáum við meðal nemenda í efri bekkjum grunnskóla og þá sérstaklega meðal stúlkna.

Samkvæmt upplýsinum frá Vinnumálastofnun voru 96 einstaklingar á aldrinum 16-19 ára skráðir atvinnulausir í febrúar 2017, (kk 58 / kvk 38) og 534 á aldrinum 20-24 ára (kk 307 / kvk 227). Tafla eitt sýnir þá sem segjast aðallega vera í námi, þá sem segjast aðallega vera í vinnu og þá sem eru atvinnulausir samkvæmt rannsókninni nú.

Tafla 1. Hlutfall stráka og stelpna, eftir aldri og fjölda í hópunum þremur (aðallega í námi, aðallega í vinnu og atvinnulausir árin, 2009 og 2016.

2009		Yngri en 18 ára			Eldri en 18 ára		
	Strákar	Stelpur	Heild		Strákar	Stelpur	Heild
Aðallega í námi	56,8% (54)	47,8% (64)	51,5% (118)	Aðallega í námi	24,9% (56)	28,2% (68)	26,6% (124)
Aðallega í vinnu	21,1% (20)	28,4% (38)	25,3% (58)	Aðallega í vinnu	52,0% (117)	50,2% (121)	51,1% (238)
Atvinnulaus	22,1% (21)	23,9% (32)	23,1% (53)	Atvinnulaus	23,1% (52)	21,6% (52)	22,3% (104)
2016		Yngri en 18 ára			Eldri en 18 ára		
	Strákar	Stelpur	Heild		Strákar	Stelpur	Heild
Aðallega í námi	17,3% (19)	34,1% (15)	25,0 (24)	Aðallega í námi	11,4% (27)	14,6% (23)	12,7% (50)
Aðallega í vinnu	65,4% (34)	54,5% (24)	60,4% (58)	Aðallega í vinnu	75% (177)	66,5% (105)	71,6% (282)
Atvinnulaus	17,3% (9)	11,4% (5)	14,6% (14)	Atvinnulaus	13,6% (32)	19,0% (30)	15,7% (62)

Ungt fólk utan skóla árið 2016



Mynd 1. Hlutfallsleg skólasókn árganga að hausti, 2000 – 2014.


Mynd eitt sýnir hlutfall nemenda sem hefur nám á hverju aldursári í framhaldsskólum. Sem dæmi sést að árið 2011 hefja 95% 16 ára fæðingarárgangs náms að hausti. Ári seinna, haustið 2012 voru 90% sama árgangs (þá 17 ára) skráð í slíkt nám í framhaldsskólum. Loks má sjá að um 70% árgangsins eru enn skráðir í nám árið 2014, þá 19 ára gömul.

Þátttakendur voru m.a spurðir hvort þeir væru í námi, þá öðru en hefðbundnu framhaldsskólanámi. Endanlegur fjöldi þeirra sem svöruðu því að þeir væru í námi voru keyrðir saman við skráningarlista framhaldsskólanna á haustmisseri 2016.

Fyllsta trúnaðar var gætt á öllum stigum rannsóknarinnar. Gögnin sem skýrslan er unnin úr endurspegla svör þeirra einstaklinga sem eru á framhaldsskólaaldri en sækja ekki nám við hefðbundna framhaldsskóla skv. skilgreiningu mennta- og menningarmálaráðuneytisins veturinn 2016/2017.


Eftirlit foreldra

Á myndum 2–5 má sjá tengsl stráka og stelpna sem standa utan framhaldsskóla við foreldra sína. Á mynd 2 má sjá hlutfall stráka og stelpna á landsvísu sem segja það eiga mjög eða frekar vel við um sig að foreldrar þeirra fylgist með því með hverjum þau eru á kvöldin. Ef litið er til þeirra ungmenna sem eru í aðallega í námi þá eru 88% stráka yngri en 18 ára og 87% stelpna yngri en 18 ára sem segja það eiga mjög eða frekar vel við sig að foreldrar þeirra viti með hverjum þau eru á kvöldin. Árið 2009 voru talsvert fleiri strákar en stelpur sem svöruðu þessu svona til en árið 2016. Þegar skoðaðir eru einstaklingar sem segjast aðallega vera í vinnu þá eru um 65% stráka yngri en 18 ára og 48% stelpna sem svara þannig. Árið 2009 voru þetta hins vegar 10% stráka og 16% stelpna. Þau sem segjast án atvinnu eru 56% stráka yngri en 18 ára, en 20% stelpna.




Mynd 2. Hlutfall stráka og stelpna utan skóla á landsvísu sem segja það eiga mjög eða frekar vel við um sig að foreldrar þeirra fylgist með því með hverjum þau eru á kvöldin.

Mynd 3 sýnir hlutfall nemenda í framhaldsskólum eftir því hversu vel (mjög eða frekar vel) þau telja foreldra sína fylgjast með því með hverjum þau eru á kvöldin. Eins og myndin sýnir þá svara um 81% stelpna því þannig til og 66% stráka.




Mynd 3. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum eftir því hversu vel (frekar eða mjög vel) eftirfarandi fullyrðing á við um þau: „Foreldrar mínir vita með hverjum ég er á kvöldin.“

Á mynd 4 má sjá hlutfall stráka og stelpna utan skóla, á landsvísu, sem segja það eiga mjög eða frekar vel við um sig að foreldrar þeirra viti hvar þau eru á kvöldin. Eins og myndin sýnir er 100% svörun meðal stráka og stelpna yngri en 18 ára sem eru aðallega í námi og svara þessu svona til. Lægra hlutfall stúlkna en stráka sem eru yngri en 18 ára og eru aðallega í vinnu eða atvinnulausar, svara á þennan hátt, en stráka í sama aldurshópi. Um 78% stráka, 18 ára og yngri sem eru atvinnulausir, segja það eiga mjög eða frekar vel við um þá að foreldrar viti hvar þeir eru á kvöldin, en 20% stúlkna. Þó er þetta hærra hlutfall en árið 2009.



Mynd 4. Hlutfall stráka og stelpna utan skóla á landsvísu sem segja það eiga mjög eða frekar vel við um sig að foreldrar þeirra viti hvar þau eru á kvöldin.


Á mynd 5 má sjá hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á landinu sem segja það eiga frekar eða mjög vel við um sig að foreldrar þeirra viti hvar þau eru á kvöldin. Eins og sjá má hefur slíkt aðhald aukist mikið undanfarin 16 ár. Ef litið er til stúlkna, þá segja 83% þeirra að slíkt aðhald eigi frekar eða mjög vel við þær nú, en 56% stúlkna árið 2000. Að sama skapi, segja 71% drengja árið 2016 slíkt eiga við um þá, en 43% árið 2000.



Mynd 5. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum eftir því hversu vel (frekar eða mjög vel) eftirfarandi fullyrðing á við um þau: „Foreldrar mínir vita hvar ég er á kvöldin.“

Ungt fólk utan skóla árið 2016

Á mynd 6 má sjá hlutfall stráka og stelpna utan skóla á landsvísu sem segja það eiga mjög eða frekar vel við um þau að foreldrar þeirra þekki vini/vinkonur þeirra. Eins og myndin gefur til kynna þá virðast foreldrar þeirra ungmenna sem eru yngri en 18 ára og í námi, þekkja mjög vel til vina barna sinna (100%). Hlutfallslega færri atvinnulausir strákar, 18 ára og eldri telja foreldra sína þekkja vini/vinkonur sínar árið 2016, en var árið 2009.




Mynd 6. Hlutfall stráka og stelpna utan skóla á landsvísu sem segja það eiga mjög eða frekar vel við um þau að foreldrar þeirra þekki vini/vinkonur þeirra.

Sjálfsmynd og líðan


Á myndum 7 - 26 má sjá niðurstöður þátta sem snúa að sjálfsmynd og líðan þeirra ungmenna sem standa utan framhaldsskólans.

Mynd 7 sýnir hlutfall nemenda á landsvísu sem segja það eiga stundum eða oft eiga vel við um sig að hafa engan til að tala við. Eins og myndin sýnir hefur talsverð aukning verið í báðum aldurshópum og meðal bæði þeirra sem stunda vinnu og ekki, þegar spurt er á þennan hátt. Hlutfall einstaklinga sem eru yngri en 18 ára og aðallega í námi, var 3% árið 2009, en 13% árið 2016. Að sama skapi er hlutfall einstaklinga 18 ára og eldri og atvinnulausra, sem upplifir slíka líðan, 13% árið 2009 en 35% árið 2016.




Mynd 7. Hlutfall ungmenna utan skóla sem segja það eiga stundum eða oft við um sig að hafa engan til að tala við.

Á mynd 8 má sjá hlutfall ungmenna sem segja það eiga stundum eða oft við um sig að vera einmana. Eins og myndin sýnir glögglega þá hefur mikil aukning orðið í báðum aldurshópum hjá einstaklingum sem upplifa það að vera stundum eða oft einmana. Það er einnig aukning í öllum hópunum þremur, en þó sérstaklega meðal einstaklinga sem eru 18 ára og eldri og atvinnulausir. Meðal þeirra fer hlutfallið úr 21% árið 2009 í 68% árið 2016.




Mynd 8. Hlutfall ungmenna utan skóla sem segja það eiga stundum eða oft við um sig að vera einmana.

Mynd 9 sýnir til samanburðar hlutfall nemenda í framhaldsskólum sem segja sig oft hafa verið einmana síðastliðna viku. Eins og myndin sýnir hefur mikil aukning orðið á slíkri líðan og þá sérstaklega meðal stelpna. Árið 2004 segjast 6% stúlkna upplifa sig stundum eða oft einmana, en 14% árið 2016.




Mynd 9. Þróun yfir tíma: Hlutfall nemenda í framhaldsskólum sem segja sig oft hafa verið einmana síðastliðna viku.

Á mynd 10 má sjá einstaklinga sem meta andlega heilsu sína sæmilega eða lélega. Eins og myndin sýnir hefur talsverð aukning orðið frá árinu 2009 í báðum aldurshópum og öllum hópunum þremur þegar kemur að því að meta heilsu sína sæmilega eða lélega.




Mynd 10. Hlutfall ungmenna utan skóla sem meta andlega heilsu sína sæmilega eða lélega.

Þá má sjá á mynd 11 nemendur í framhaldsskólum á landinu sem meta andlega heilsu sína góða eða mjög góða. Eins og myndin sýnir þá er hlutfallsleg lækkun meðal þeirra sem meta andlega heilsu sína á þennan hátt frá árinu 2004. Meðal stelpna, þá voru 74% þeirra sem mátu andlega heilsu sína mjög góða eða góða árið 2004 en 57% árið 2016. Fleiri stúlkur meta því andlega heilsu sína ekki nógu góða.




Mynd 11. Þróun yfir tíma: Hlutfall nemenda í framhaldsskóla sem mátu andlega heilsu sína góða og mjög góða.

Mynd 12 sýnir hlutfall ungmenna utan skóla sem meta líkamlega heilsu sína sæmilega eða lélega. Eins og myndin sýnir eru fleiri sem meta heilsu sína ver nú en árið 2009, þá sér í lagi meðal atvinnulausra einstaklinga á aldrinum 18 ára og yngri. Árið 2009 mátu 47% atvinnulausra einstaklinga 18 ára og yngri líkamlega heilsu sína þetta slæma, en 71% árið 2016. Sömu þróunar gætir einnig meðal beggja aldurshópa hjá þeim sem stunda nám, þó fjölgunin sé nokkuð minni. Hún fer úr 19-20% árið 2009 í 35-36% árið 2016. / Þá fjölgar einnig í hópi þeirra einstaklinga sem stunda nám og finnst líkamleg heilsa sín sæmileg eða léleg, óháð aldri.




Mynd 3. Hlutfall ungmenna utan skóla sem meta líkamlega heilsu sína sæmilega eða lélega.

Mynd 13 sýnir hlutfall þeirra ungmenna utan skóla á landsvísu sem telja það eiga mjög eða frekar vel við um sig að vera misheppnuð. Ef horft er til allra hópanna þriggja og aldurshópanna tveggja, má sjá að í öllum tilfellum hefur slík líðan versnað, nema hjá atvinnulausum yngri en 18 ára. Ef litið er til hópsins 18 ára og eldri aðallega í námi, þá sögðu 19% einstaklinga árið 2009 að þeir upplifðu sig misheppnaða, en 37% árið 2016.




Mynd 43. Hlutfall ungmenna utan skóla á landsvísu sem segja það eiga mjög eða frekar vel við um þau að: „þegar allt kemur til alls sýnist mér ég vera misheppnuð/misheppnaður“

Á mynd 14 má sjá hlutfall ungmenna utan skóla sem telja það eiga mjög eða frekar vel við um sig að ekki sé margt sem þau geti verið stolt af. Eins og sjá má á myndinni þá hefur orðið aukning í hópnum þremur og báðum aldurshópum, nema meðal þeirra sem eru 18 ára og eldri og atvinnulaus. Ef litið er til einstaklinga yngri en 18 ára sem eru aðallega í námi, þá voru 23% þeirra sem sögðust finna fyrir slíkri líðan árið 2009, en 39% árið 2016.




Mynd 5. Hlutfall ungmenna sem telja það eiga mjög eða frekar vel við um sig „að finnast ekki vera margt sem ég get verið stolt/ur af“

Á mynd 15 má sjá hlutfall ungmenna utan skóla á landsvísu sem telja það eiga mjög eða frekar vel við um sig að vera ánægð með sjálf sig. Eins og myndin sýnir eru 96% einstaklinga, sem eru í námi og yngri en 18 ára sem svara þessu svona til árið 2016, en 83% árið 2009. Þá má sjá að færri atvinnulausir einstaklingar í báðum aldurshópum upplifa slíka ánægju árið 2016 en árið 2009.




Mynd 6. Hlutfall ungmenna utan skóla sem telja það eiga mjög eða frekar vel við um þau að „þegar allt kemur til alls er ég ánægð(ur) með sjálfa(n) mig.“

Á mynd 16 má sjá hlutfall ungmenna utan skóla sem telja það eiga mjög eða frekar vel við um sig að „þau vildu óska að þau bæru meiri virðingu fyrir sjálfum sér.“ Meðal einstaklinga sem eru yngri en 18 ára má sjá að talsvert hefur dregið úr slíkri líðan og á það við um alla hópana þrjá. Hjá þeim sem eru 18 ára og eldri, í öllum hópum, er þessu hins vegar öfugt farið. Árið 2016 eru hlutfallslega fleiri ungmenni sem segja að það eigi mjög eða frekar vel við þau að: „ég vildi óska að ég bæri meiri virðingu fyrir sjálfum/sjálfri mér.“




Mynd 76. Hlutfall ungmenna utan skóla sem telja það eiga mjög eða frekar vel við um þau „að ég vildi óska að ég bæri meiri virðingu fyrir sjálfum/sjálfri mér.“

Á mynd 17 má sjá hlutfall ungmenna utan skóla sem telja það eiga mjög eða frekar vel við um sig að finnast þau stundum vera einskis nýt. Eins og myndin sýnir má sjá að hlutfallslega fleiri ungmenni sem eru 18 ára og eldri svara spurningunni þannig til nú, árið 2016. Árið 2009, svöruðu 19% einstaklinga 18 ára og eldri, sem voru aðallega í námi, spurningunni svona til, en 35% árið 2016.




Mynd 8. Hlutfall ungmenna utan skóla sem telja það eiga mjög eða frekar vel við um sig að „stundum finnst mér ég sannarlega vera einskis nýtur“

Mynd 18 sýnir ungmenni utan skóla sem síðastliðna viku hafa oft upplifað það að gráta auðveldlega eða langa til að gráta. Athygli vekur að atvinnulausir einstaklingar í báðum aldurshópum virðast frekar upplifa það að gráta auðveldlega eða langa til að gráta. Þá eru jafnframt hlutfallslega fleiri nú sem þetta á við, en var árið 2009 og á það einnig við báða aldurshópana.




Mynd 9. Hlutfall ungmenna utan skóla á landsvísu sem telja sig oft upplifa það að gráta auðveldlega eða langa til að gráta síðastliðna viku.

Mynd 19 sýnir hlutfall ungmenna utan skóla sem síðastliðna viku hafa upplifað það að vera niðurdregin eða döpur. Hlutfallslega fleiri ungmenni í hópi atvinnulausra upplifa slíka líðan en í hinum hópunum tveimur. Þó má sjá aukningu milli ára í öllum hópum og báðum aldursflokkum.



Mynd 109. Hlutfall nemenda á utan skóla landsvísu sem telja sig oft upplifa það að vera niðurdregin/n eða dapur/döpur síðastliðna viku.


Á mynd 20 má sjá hlutfall ungmenna sem síðastliðna viku hafa oft upplifað það að vera ekki spennt fyrir að gera nokkurn skapaðan hlut. Eins og myndin sýnir þá eru hlufallslega flestir í hópi atvinnulausra sem líður svona. Aukning sést í öllum hópunum þremur, milli ára, nema meðal þeirra sem eru yngri en 18 ára og atvinnulaus.



Mynd 20. Hlutfall ungmenna á landsvísu sem telja sig oft upplifa það að vera síðastliðna viku ekki spennt/ur fyrir að gera nokkurn skapaðan hlut.


Á mynd 21 má sjá hlutfall ungmenna utan skóla sem síðastliðna viku hafa oft upplifað það að finnast framtíðin vonlaus. Líkt og myndin sýnir þá eru færri yngri en 18 ára og teljast til þeirra sem eru atvinnulausir nú árið 2016 en árið 2009, sem upplifa framtíðina á þennan hátt.

Aukningu má þó greina í báðum aldurshópum meðal þeirra sem segjast aðallega vera í námi.




Mynd 11. Hlutfall ungmenna utan skóla sem síðastliðna viku hafa oft upplifað að „finnst framtíðin vonlaus.

Mynd 22 sýnir hlutfall þeirra ungmenna utan skóla sem telja sig oft hafa upplifað það síðastliðna viku að hugsa um að stytta sér aldur. Athygli vekur sú hlutfallslega aukning sem orðið hefur í slíkri hugsun í hópi atvinnulausra og í báðum aldurshópum. Þá vekur athygli sú hlutfallslega aukning sem hefur orðið meðal þeirra sem yngri eru en 18 ára og eru aðallega í vinnu, úr 5% árið 2009 í 16% árið 2016.



